

Reykjavík maí 08

Viðskiptaáætlun



Geitfjársetur Íslands á Háafelli

Geitfjárræktun, heimagerðir ostar og
ferðamannageitfjáfjós

Drög

Viðskiptahugmynd

Hugmyndin að baki Geitfjársetri Íslands felst í rekstri margþætts geitfjárþús á Háafelli í Hvítársíðu í Borgarfirði. Þarna verði rekið stærsta geitfjárræktunin í landinu, þarna verður ferðamannageitfjáfjós þ.e. gestum verður boðið að komast í tengsl við geiturnar m.ö.o. að gestirnir geti fylgst með hegðun geitanna, mjöltum o.fl. og geta fræðst um allt sem geitum viðkemur. Þá verði haldið úti ýmsu fræðsluefni um allt sem geitum viðkemur.

Á geitfjársetrinu verði einnig rekið lítið mjólkursamlag þar sem framleiddir verða geitaostar og munu gestir geta fylgst með framleiðslunni í nokkrum mæli í gegnum glerveggi. Á staðnum verður einnig rekið kaffihús þar sem gestir geitfjársetursins geta fengið kaffi og heimabökuð brauð, geitaost, sveitaís, grænmeti o.fl. þarna verður einnig selt ýmislegt handverk úr geitfjárafurðum þ.e. að sem næst allar afurðir geitfjár verði aðgengilegar á staðnum. Stefnt er að sjálfbærum rekstri geitfjársetursins.

Rekstri geitfjársetursins er ætlað að vera miðstöð geitfjárræktar í landinu – sem skiptir ekki svo litlu þegar smæð íslenska geitfjástofnsins er höfð í huga. Þarna verði stundað kynbótastarf í samvinnu við Landbúnaðarháskólann og er gert ráð fyrir að nemendur skólans muni koma að ýmsum rannsóknarverkefnum varðandi gæði geitamjólkur, fóðrun, eldi o.fl.

Kjötafurðir geitfjárþúsins verða fyrst um sinn alfarið unnar og markaðssettar af kjötafurðastöðum en rekstraraðila geitfjársetursins verði falið að skoða möguleika á markaðsfærslu kjöts af geitum á geitfjársetrinu.

Kiðlingar á Háafelli



Íslenski geitfjástofninn telur einungis um 400 dýr og því mikilvægt að spyrna við fótum varðandi ræktun stofnsins áður en það verður um seinan.

Stofnaðilar


Aðstandendur hugmyndarinnar að geitfjársetrinu á Háafelli eru hjónin á Háafelli þau Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Þorbjörn Oddsson en þau hjón hafa lengi verið með búrekstur í Háafelli en aðallega geitur nú síðustu árin. Jóhanna hefur aflað sér mikils fróðleiks um geitur, ostagerð o.fl. á liðnum árum og hefur verið einn ötulasti geitaræktandi landsins um árabil, situr í stjórn geitfjárræktarfélagsins o.fl. Aðrir væntanlegir stofnaðilar eru Landbúnaðarháskóli Íslands, landbúnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið (LBHÍ), Borgarbyggð, Framleiðnisjóður, Bændasamtök Íslands, Mjólkursamsalan í Reykjavík ásamt áhugasömum einstaklingum og fyrirtækjum um íslenska geitfjárstofnsins (sjá síðu 14).

Undirbúningurinn að Geitfjársetri Íslands hefur staðið lengi yfir. Þannig má nefna að stærsti einstaki geitahópur landsins er nú á Háafelli. Þá hafa ábúendur á Háafelli tekið þátt í heimavinnsluverkefnum í samvinnu við Búnaðarsamband vesturlands og mjólkursamlagið í Búðardal og hafa mjólkað geitur og sent mjólkina til vinnslu í Búðardal.



Geita- og sauðostarnir frá samlaginu í Búðardal hafa þótt mjög góðir og verið mikil eftirspurn eftir þeim – en aðstaðan í Háafelli hefur verið mjög frumstæð þannig að magn af geitamjólk hefur verið af skornum skammti. Hinar góðu móttökur markaðarins gefa tilefni til að ætla að umtalsverður markaður kunni að vera fyrir hendi varðandi geitaosta.

Háafell í Hvítarsíðu- fyrirhuguð staðsetning Geitfjársetur Íslands



Varan/þjónustan

Þjónusta Geitfjárseturs Íslands verður samsett úr nokkrum vörum og þjónustu sem tengjast rekstri geitfjárþús – og varða bæði rekstur í tengslum við varðveislu geitfjárstofnsins og rannsóknir, ennfremur rekstur fyrir ferðamenn, heimavinnslu og sölu. Nánar tiltekið verða helstu vörur fyrirtækisins:

- Aðgöngumiðasala – ferðafólk kaupir aðgöngumiða inn á geitfjársetrið (400 kr. pr fullorðinn, 200 kr pr. börn)
- Móttaka skólabarna (verkefnið opin býli hjá Bændasamtökunum)
- Veitingasala á kaffihúsi
- Sala handverks
- Sala geitaosta á staðnum
- Sala geitaosta um internetið/gjafakörfum
- Tekjur af stofnvarðveislu/ríkið
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum LBHÍ og hýsing verkefna
- Kjötsala
- Kynbætur/ræktun og sala lífkiða til íslenskra geitfjárþús

Gestunum verður boðið að komast í nokkra snertingu við dýrin. Ennfremur verða gestunum boðin víðfem fræðsla um allt sem viðkemur íslensku geitinni. Við þróun vörunnar verður m.a. horft til verkefnisins “Noras-hus” í Noregi.

Sýringaraðstaða ostaframleiðsla í Ölpunum



Barn og kíð á Íslandi



Nýlegt geitfjáfjós í Noregi



Mjaltaaðstaða í norsku geitfjáfjósi

Auk fróðleiks um geitur og geitaafurðir gefst gestum færi á að skoða grasagarð á staðnum og heilsa upp á húsdýrin á býlinu.

Á Heimasíðu norska fyrirtækisins Bryn gardsmejeri (www.brynost.no) er eftirfarandi lýsingu að hafa á geitaostunum þeirra:



Geitmyssmør er brun geitost, laget av myse fra geitmjólk, og tilsatt fløte av kumjólk. Brukes til smørebrød, kjeks eller sauser.



Skardfjell kvit er en tradisjonell kvit modna geitost. Den brukes til smørebrød, kjeks, gratinering og pizza. Leveres også vellagret.



Kvitmuggost er en frisk og ren geitost, som er modnet med kvitmugg. Osten blir mer smakssterk jo lengre den lagres.



Geta er en salatost av Fetatype, naturell eller tilsatt kvitløk, sitronpepper, karve, einerbær og pepperblanding.



Gubbost er en smøbar ost, som er laget etter gamle tradisjoner for området. Den kan sammenlignes med gomme. Kan brukes på smørebrød, kjeks eller som dessert med melk eller fløte på.

Eins og af ofangreindu má sjá er hægt að framleiða margar tegundir af geitaostum. Oft eru ostar framleiddir úr blöndu af geitamjólk og kúamjólk.

Talið er að töluverður markaður sé á Íslandi fyrir geitamjólk þ.e. fyrir fólk með mjólkuróþol og slíka sjúkdóma. Einhver hluti geitamjólkurinnar gæti því selst beint til neytenda.

Markaðurinn

Markhópurinn fyrir Geitfjársetur Íslands á Háafelli samanstendur af nokkrum undirhópum:

- Almennir ferðamenn
- Geitaáhugafólk
- Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri
- Áhugafólk um osta og ostagerð
- Sumarbústaðafólk í Borgarfirði
- Skóla- og leikskólabörn

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur stærð hinna tilgreindu undirhópa en hér verður stærð þessara þó reifuð lauslega.


Talið er að um 115.000 erlendir ferðamenn fari um vesturland á leið sinni um hringveginn en auk þeirra fer mikill straumur innlendra ferðamanna um svæðið. Helstu ástæður hins mikla fjölda ferðamanna kemur til vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið, samgönguæðarinnar milli norður- og suðurlands og svo vegna hinna nærliggjandi sumarbústaðabyggða í Borgarfirðinum.

Með skírskotun til nefnds ferðamannafjölda annarsvegar og reynslutalna um gestafjölda á Byggðasafn Skagfirðinga (35.000 pr. ár), Byggðasafnið í Skógum (40.000) ásamt gestafjölda á Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri og Veidisafninu í Ferjukoti þá þykir full ástæða til að gera ráð fyrir því að gestafjöldi á geitfjársetrið geti með tímanum orðið allt að 30-40.000 gestir á ári – en að 7-10.000 gestir séu góð viðmiðun fyrstu árin.

Við eftirfarandi áætlanagerð verður miðað við 7000 borgandi gesti pr. ár þegar markaðssetning þess verður komin vel til framkvæmda þ.e. á öðru ári eftir opnun geitfjársetursins.


Erlendir ferðamenn sem leið eiga um Borgarfjörð eru áhugaverður markhópur sem bæði Reykholt/Snorrastofa, Ferðaskrifstofa Vesturlands og Landnámssetrið eiga mikinn þátt í að beina inn á svæðið. Ferðamálaklasinn *All sensis*, í Borgarfirði hefur einnig unnið mikið átak í að draga að og beina ferðamönnum innan svæðisins síðustu misserin. Meðal hinna erlendu ferðamanna er fjöldi fólks sem hefur áhuga á menningu og sögu landsins, m.a. um það hvernig þjóðin lifði í landinu, bæði til forna og fram til síðustu ára. Móttaka þessa hóps gerir kröfu til tungumálakunnáttu og kynningarefnis á erlendum tungumálum í einhverjum mæli.

Vægi Borgarfjarðar sem viðkomustaðar fyrir erlenda ferðamenn hefur verið að aukast töluvert síðustu árin en umferð erlendra ferðamanna um Vesturland hefur til þessa verið mun minni en um Suðurland. Í ritinu *Erlendir ferðamenn á Íslandi* sem unnið var fyrir samgöngumálaráðuneytið (útg. júní 2006) má sjá eftirfarandi töflu:



Svörin gefa til kynna að Vesturland eigi töluvert inni m.t.t. ferðamannafjölda

Þegar athygli er beint að líklegum fjölda innlendra ferðamanna sem fer um vesturland má benda á Gallup könnun frá 2003 sem unnin var fyrir Ferðamálaráð.



Og frá Hagstofunni má fá fjölda gestakoma (gestir sem gista) á Vesturland

Allar tegundir gististaða: Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd 1998-2006	
Gestakomur Vesturland	
2006	
Allt árið	
Alls	111.964

Síðast uppfært: 2007-04-02 Höfundarréttur: Já Eining: fjöldi/meðaldvalarlengd Tímabil: 1998-2006 Auðkenni töflu: SAM02001

Stærð hópsins “geitaá hugafólk” er með öllu óþekkt stærð en þó er ljóst af fjölmiðla-umfjöllun, umfjöllun á Alþingi, Búnaðarþingi o.fl. að hér er um nokkuð fjölmennan fólks að ræða.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri er staðsettur í nágrenni hins fyrirhugaða geitfjárseturs sem gefur skólanum ómæld tækifæri til rannsóknarstarfa af ýmsu tagi. Hér mætti nefna ræktunarstarf sem er orðið vandamt vegna mikillar skyldleikaræktunar, ræktun með mjólkurframleiðslu í huga, hönnun bestu aðstöðu

fyrir geitur, fóðrun geita o.fl. einnig gætu sérstakir eiginleikar geitamjólkur o.fl. verið áhugaverð rannsóknarsvið.

Hópurinn áhugafólk um osta og ostagerð er óþekkt stærð en hér er samt um verulegan fjölda fólks að ræða sem endurspeglast m.a. í að á annað hundrað manns mættu á kynningarfundinn “Leitin að íslenska ostinum” sem haldinn var á Grandagarði í Reykjavík haustið 2006. Þá má nefna þau viðbrögð sem hafa orðið við kynningu á sauða- og geitaostum frá mjólkursamlaginu í Búðardal síðustu tvö árin. Áhugi fólks á ostum er einnig vel þekktur í nágrennalöndum okkar, í Bandaríkjunum þekktist t.d. svonefnd “ostaferðapjónusta”.

Fjöldi gistinguáttu í orlofshúsum á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum er um 12.000 pr. ár samkvæmt tölum Hagstofunnar og er stærsti hlutinn væntanlega í Borgarfirði. Ferðamannageitfjárfjósið hefur samkvæmt þessu mikil tækifæri með því að bjóða gestum sumarbústaða í Borgarfirði áhugaverða upplifun með menntun, skemmtun, veitingum og ostum.

Fjöldi sumarbústaða á nærsvæði Geitfjársetursins er um 2000 sem gefur umtalsverð tækifæri fyrir geitfjársetrið þegar afþreying er höfð í huga. Þetta mætti rökstyðja enn frekar með þeirri staðreynd að samkvæmt Gallup könnun þá sögðust 33% innlendra ferðamanna hafa heimsótt söfn vesturlandi. Taflan hér að neðan gefur fjölda sumarbústaða í nágrenni Háafells og er unnin upp úr svari ráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar á Alþingi.

Fjöldi sumarbústaða	
Hvalfjarðarstrandarhreppur	328
Skilmannahreppur	7
Innri-Akraneshreppur	4
Leirár- og Melahreppur	54
Skorradalshreppur	467
Borgarfjarðarsveit	267
Hvítársíðuhreppur	59
Borgarbyggð	871
Kolbeinsstaðahreppur	11
Samtals	2,068

Ef athyglinni er beint að markhópnum grunnskólabörn og valið að skoða t.d. fjölda barna í 8 bekk þá má finna eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu Hagstofunnar:

Meðalfjöldi nemenda eftir bekkjardeildum 2002-2006			
	2006		
	Fjöldi bekkjardeilda	Fjöldi nemenda	Nemendur í bekkjardeild
8. bekkur	235	4.644	19,8

Nemendur í sérskólum og sérdeildum eru ekki taldir með. Nemendur í samkennslubekkjum eru taldir með.

Ef markhópurinn er þrengdur og einungis 8 bekkingar frá höfuðborgarsvæði og vesturlandi, taldir með, þá er fjöldinn um 2.800 nemendur og bekkjardeildirnar um 140. Bændasamtök Íslands vinna með hópi bænda í verkefninu opin býli þar sem samtökin styrkja og styðja þá bændur sem taka á móti börnum. Starfsemi Geitfjársetursins virðist henta vel til þátttöku í slíku verkefni.

Það finnst náttúrulega fjölmargir aðrir áhugaverðir undirmarkhópar/vörur s.s. móttaka námsmannahópa, bændahópa, fyrirtækjahópa, faghópa, ráðstefnuhópa, hvataferða, óvissuhópa o.fl. Þessi vöruflokkur gerir í flestum tilvikum kröfu til markvissrar leiðsögn um geitfjársetrið og oftast fælist einhver undirbúningstími fyrir móttökuna. Þá mætti líklega benda á aldraða sem einn margra áhugaverðra markhópa fyrir geitfjársetrið. Fjöldi Íslendinga 71-75 ára (5 árgangar – húsbilafólkið ?!) er um 8600 manns samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta fólk gæti haft gaman af að kynna því húsdýri sem hvað minnst er þekkt hérlendis og kynna sér geitfjárafurðirnar.

Staðsetning fyrirtækisins

Rekstur Geitfjárseturs Íslands á Háafelli verður algerlega einstakur hérlendis – en í eðli sínu gæti reksturinn þó verið upplifaður í einhverri samkeppni við ferðaþjónusturekstur í Borgarfirði. Aðstandendur telja samt að frekar verði um “cocompetition” að ræða þ.e. að reksturinn muni styðja við annan ferðaþjónusturekstur í Borgarfirði. Rekstur geitfjársetursins verður væntanlega upplifaður sem kærkomin viðbót við þá afþreyingarflóru sem býðst í Borgarfirði – en á því svæði hafa menn verið að hasla sér völl markvisst með safnarekstri af ýmsu tagi á liðnum árum s.s. rekstur Landbúnaðarsafns Íslands, Veiðimynjasafnið í Ferjukoti, Snorrastofa, Landnámssetrið o.fl.

Þá gefur nálægðin og aðkoma Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri fjölmarga spennandi möguleika. Nægt landrými er talið fyrir 250-300 geitur á Háafelli jafnvel þótt valið yrði að reka þar lífrænan búskap.



Kostnaður - verkþættir

<u>Verkþáttur</u>	<u>Upphæð</u>	<u>Verktími</u>
Nýbygging - 800 fm geitfjárhús	30.000.000	maí 2008-maí 2010
Tæki og bún til ostagerðar	4.000.000	sept 2009
Mjaltabúnaður	2.000.000	apr 2010
Innréttingar veitingaaðstöðu	3.000.000	mars-maí 2010
Umhverfi og aðgengi	1.000.000	mars-maí 2010
Vörubrúun og markaðssetning	1.500.000	jan-júlí 2010
Samtals fjárfesting	41.500.000	

Rekstrarráætlun

Ef máli er slegið á fyrirhugaðan rekstur í Geitfjársetri Íslands þá er ætlunin að koma upp geitfjárhúsi fyrir ca 200 dýr. Gert er ráð fyrir að ca 110 dýr mjólki – í ca 7 mánuði á ári og að hvert dýr gefi um 1 líter pr. dag eða ca $110 \times 7 \times 30 \times 1 = 23.100$ lítrar/ár (byggt á núverandi reynslutölum frá Háafelli).

Geitamjólkina er hægt að selja beint (t.d. fólk með mjólkurofnæmi) eða fullvinna hana í ostaframleiðslu (hreinir geitaostar eða ostar úr blöndu kúa- og geitamjólkur. Reikna má með að ostaframleiðslan geti því verið um 3 tonn á ári.

Kjötsala miðast við að það fáist um 2000 kr/kg pr skrokk og er þá miðað við að kjötið sé niðursagað og pakkað. Skrokkar eru allt frá 4 til 13 kg eftir því hversu gömlum gripum er slátrað. Gert er ráð fyrir 6 ára líftíma.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum er gert ráð fyrir tekjum gegnum aðgöngueyri, sölu af mjólk og ostum, sölu á kjöti, tekjur af umboðssölu, tekjur af þátttöku í rannsóknarverkefnum, sölu á lífgeitum o.fl. Skoðað verður með samvinnu við www.kindur.is Reiknað er með um 16.200.000 kr veltu af rekstrinum og horft til þess að þetta skapi hátt í 4 ársverk með tímanum.

Þetta er talið einhver mikilvirkasta verndunarútfærslan á íslenska geitfjástofninum þ.e. að koma upp sjálfbærum rekstri sem ýtir undir geitfjárbúskapinn.

Tekjur/tekjuflokkar – Geitfjárseturs (ferðamannageitfjárfjós):Aðgangseyrir

Það er gert ráð fyrir aðgangseyrir að upphæð 400 kr að jafnaði pr. gest og 7000 gestum pr. ár. Tekjur af aðgangseyri verður því :

$$400 \times 7000 = 2.800.000 \text{ kr/ár}$$

Mjólk og ostar

200 dýr.

100-120 mjólkandi dýr

Mjólkunartími 8 mánuðir

Geiturnar mjólka mjög misjafnt – ca 1 l/dag (háð veðurfari, hlaupum o.fl)

Magn = 110dýr x 7mán x 30daga/mán x 1 l = 23.100 l/ár.

Ágiskun framleitt magn osta = 3 tonn/ár af osti (með hreinum og blönduðum ostum)

Ostar kostar ca 2000-2500 kr/kg – geitaosturinn frá Geitfjársetri verður á = 3200

kr/kg

Velta af ostum = 3200 x 3000 = 9.600.000 kr/ár

.....

Kjötframleiðsla:

Skrokkþyngd 4-14 kg = 8 kg meðaltal.

Einingarverð 2000 kr/kg

Árlegt magn = 30 kið.

Áætluð velta af kjötsölu = 8 x 30 x 2000 = 480.000 kr/ár

.....

Umboðssala

Áætlaður gestafjöldi = 7000 manns/ár

Framlegð af sölu handverks, veitinga og fræðsluefnis = 70%

Veitinga og vörusala pr. gest að jafnaði = 400 kr

Tekjur af veitinga og umboðssölu = 400 x 0,7 x 7000 = 1.960.000 kr/ár

.....

Samvinna tengd rannsóknunum á geitum

Sértekjur Geitfjárseturs Íslands af verkefnum/rannsóknarverkefnum tengdum geitum

= 700.000 kr/ár

.....

Aðrar geitfjártekjur

- Greiðslur ríkisins vegna ræktunar = 6000 kr x 20 geitur = 120.000 kr/ár

- Sala lífgeita = 10.000 x 20 stk/ár = 200.000

- Annað = 300.000 kr/ár

.....

Heildarvelta = 16.160.000 kr/ár.

Áætlun – ár 2**Tekjur**

Aðgangseyrir	2.800.000 kr
Mjólk og ostar	9.600.000 kr
Kjötframleiðsla	480.000 kr
Umboðssala	1.960.000 kr
Samvinna/rannsóknarverkefni	700.000 kr
Aðrar geitfjártekjur	620.000 kr

Tekjur alls	16.160.000 Kr
-------------	---------------

Gjöld

Fóður (beit, áburður, plast, garn)	1.500.000 Kr
Olíur og tækjakostn	300.000 Kr
Viðhald girðinga	250.000 Kr
Laun	6.200.000 Kr
Bókhald og endurskoðun	400.000 Kr
Sala og markaðssetning	800.000 Kr
Sími	70.000 Kr
Umbúðir	350.000 Kr
Tryggingar	250.000 Kr
Bifreiðar og flutn	1.100.000 Kr

Framlegð I	4.940.000 Kr
------------	--------------

Afskriftir

- húsnæði 30 milj a 20 ár	1.500.000 Kr
- annað 21,5milj á 10 ár	2.150.000 Kr

Vextir (8,5 milj á 10%)	850.000 Kr
-------------------------	------------

Hagnaður	440.000 Kr
----------	------------

Hugsanlega geta fengist einhverjir styrkir til rekstrarins sem myndi draga úr rekstraráhættu eða gæti jafnvel skapað möguleika á að sleppa aðgangseyri að geitfjársetrinu.

Starfsmenn

Ætlunin er að Geitfjárseturs Íslands verði rekið af framkvæmdastjóra ásamt liðlega einum öðrum starfsmanni. Horft er til þess að hjónin á Háafelli, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Þorbjörn Oddsson sjái um reksturinn til að byrja með en þau hjón hafa lengi verið með búrekstur á Háafelli og gerþekkja umhirðu og ræktun geita. Þá hefur Jóhanna aflað sér mikils fróðleiks um geitur, ostagerð o.fl. á liðnum árum og hefur verið einn ötulasti geitaræktandi landsins um árabíl, situr í stjórn geitfjárræktarfélagins, í stjórn “Beint frá býli verkefnisins” o.fl. Þorbjörn hefur unnið töluvert við smíðavinnu síðustu árin og mun auk vinnu við reksturinn taka virkann þátt í þeim byggingarframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Í áætluninni er gert ráð fyrir aðkeyptu vinnuafli yfir háannatíma.

Fjármögnun

Stofnaðilar eru enn að vinna að fjármögnun stofnfjár sjálfseignarstofnunarinnar en horft hefur verið til stofnaðila sem hér segir:

Stofnaðilar

Háafell
Landbúnaðarráðuneytið
Erfðafjárnefnd
Bændasamtökin
Framleiðnisjóður
Byggðastofnun
Nýsköpunarmiðstöð/Iðnaðararáðuneyti
Mjólkuriðnaðurinn
Sparisjóður Mýrasýslu
Vaxtarsamningur Vesturlands
Borgarbyggð
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupþing banki
Landsbanki Íslands
Íslandsbanki
KEA
Menntamálaráðuneytið/LBHÍ
Kjötiðnaðurinn
Fyrirtæki og einstaklingar

Framlag ábúenda á Háafelli verður um 10 milljónir með jarðnæði, bústofni og vinnu. Heildar kostnaður við gangsetningu verkefnisins er talinn munu nema 51,5 milljónir þ.e. með landi undir byggingu geitfjársetursins, 120 geitum og byggingunni sem áður var nefnd. Mismunurinn á framlögðu stofnfé og stofnkostnaði verður tekinn að láni og er við fyrirliggjandi áætlanagerð reiknað með 8.500.000 kr til 20 ára og 10% vöxtum.

Meintur áhugi hinna tilgreindu aðila er mismunandi milli aðila sbr. yfirlitið. Framleiðnisjóður styður þannig við atvinnusköpun á lögbýlum, Landbúnaðarráðuneytið á mikið undir að geitfjárstofninn eflist á nýjan leik o.s.frv.

Niðurstaða

Nýsköpunargildi viðskiptahugmyndarinnar er töluvert því íslenski geitfjárstofninn hefur átt undir högg að sækja og telur stofninn einungis um 400 dýr – þar af er um fjórðungur stofnsins í Háafelli. Þá verður staðurinn væntanlega vagga margháttaðra rannsókna á komandi árum á geitfénu og afurðum þess þ.e. í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri o.fl.

Atvinnusköpunin sem af verkefninu hlýst verður einnig töluverð og væntingar um að þegar reksturinn verði að fullu kominn til framkvæmda muni hann skila 3-4 ársverkum við rekstur geitfjárbúsins ásamt heimavinnslu, sveitaverslun og veitingasölu.

Hérlendis er ekki til neitt annað ferðamannageitfjárbú sem vinnur afurðir út geitamjólk. Nýsköpunargildi hugmyndarinnar er reyndar margþætt því íslendingum gefast ekki mörg tækifæri til að komast í snertingu við íslenskar geitur.

Geitfjársetrið mun nýtast sem áhugaverður fræðslu- og afþreyingamöguleiki fyrir ferðafólk í Borgarfirði og styðja við þá þjónustu sem þar er fyrir.

Viðauki 1. Gallup könnun fyrir Ferðamálaráð

Tafla 2.15: Voru eftirfarandi svæði/staðir heimsótt(ir)? (%)

	Reykja- vík	Geysir	Þing- vellir	Vík í Mýr- dal	Borgar- fjörður	Skafta- fell	Land- manna- laugar	Akur- eyri	Snæ- fells- nes	Mý- vatn	Há- lendið	Egils- staðir	Húsa- vík	Skaga- fjörður	Vest- firðir	Jökul- árgljúfu- r	Seyðis- fjörður	Horna- fjörður	Vest- manna- eyjar	Fjöldi
Allir	98,7	67,2	55,1	21,0	14,0	11,6	10,0	9,9	9,3	8,3	6,9	6,2	5,4	3,9	3,8	3,6	2,8	5,8	3,3	2688
Markaðssvæði																				
N-Ameríka	99,3	58,4	45,5	20,2	13,0	9,2	7,0	8,7	8,6	5,5	5,5	4,4	2,3	3,3	3,1	2,5	1,6	5,5	2,1	488
Norðurlönd	97,6	64,7	59,0	10,9	13,1	4,7	7,3	5,2	7,3	3,8	4,8	2,7	2,3	2,1	2,8	1,0	1,4	2,8	2,7	811
V-/Mið-Evrópa	99,2	72,7	56,9	25,9	14,6	14,6	12,6	10,6	9,7	10,0	8,8	7,4	6,6	3,9	3,5	3,9	2,8	6,1	3,6	1065
S-Evrópa	98,4	73,2	59,2	38,3	15,8	27,0	17,5	23,4	13,7	22,1	10,2	17,5	16,1	10,0	14,2	12,3	8,6	16,9	4,7	167
Önnur Evrópulönd	97,3	51,6	35,8	24,5	14,3	18,3	8,7	19,2	12,2	13,9	6,4	9,1	12,8	6,7	4,6	4,8	7,3	11,1	9,9	71
Lönd utan Evrópu	100,0	73,4	58,7	24,9	16,2	18,4	5,2	19,9	17,4	14,5	3,6	9,8	12,1	12,0	1,3	11,8	7,4	6,4	3,6	87
Þjóðerni svarenda																				
Bandaríkin, Kanada	99,4	56,3	43,8	19,7	13,3	9,8	7,3	9,2	8,1	6,3	5,3	4,8	2,4	3,4	3,3	2,3	1,6	5,4	1,9	454
Bretland, Írland	99,3	70,7	53,7	19,6	11,8	10,5	9,0	4,6	5,6	4,5	7,2	1,8	2,3	1,5	1,5	1,7	1,0	2,6	2,5	590
Þýskaland	98,8	72,9	60,5	30,9	17,2	19,0	16,3	18,9	15,3	17,3	13,2	15,6	14,3	9,3	7,7	6,9	4,9	9,4	2,6	191
Danmörk	97,3	65,7	63,6	16,7	14,0	7,2	10,9	6,3	8,3	5,4	3,5	2,0	1,7	2,9	2,1	1,7	2,3	3,6	3,0	277
Svíþjóð	98,7	62,8	55,5	8,5	14,1	3,7	4,7	7,6	10,3	4,6	6,0	4,0	1,8	2,1	5,9	0,0	1,7	1,7	3,2	236
Noregur	96,9	69,1	61,9	8,1	13,5	3,6	6,3	3,6	4,9	2,1	6,3	2,9	3,9	1,5	1,2	1,5	0,6	3,1	2,9	244
Finnland	100,0	46,3	44,7	9,3	6,2	3,2	0,0	0,0	6,2	0,0	3,2	0,0	0,0	0,0	3,2	0,0	0,0	3,2	0,0	59
Frakkland	97,6	72,3	62,4	40,2	14,9	28,6	19,2	22,3	15,2	20,2	10,4	16,1	13,4	9,6	16,7	8,6	6,6	17,1	4,9	110